

Kærleiksvikan



Í tilefni kærleiksvikunnar, 15.-22. feb., skrifuðu nemendur 8. bekkja gullkorn og festu á innkaupakerrurnar í Krónunni. Gullkornin hafa mælst mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum. Markmið kærleiksvikunnar er að bæjarbúar finni fyrir kærleik í sinn garð og veiti öðrum kærleik, t.d. með brosi eða faðmlagi.

Listaskólinn í heimsókn



Listaskóli Mosfellsbæjar heimsótti Varmárskóla fyrir skömmu og kynnti starfsemi skólans. Tónlistarnemar sungu og léku á hljóðfæri.

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
FRAMSÆKNI
UMHYGGJA

Glæsilegur árangur í Lífshlaupinu



Varmárskóli náði glæsilegum árangri í Lífshlaupinu, sem fram fór 4.-17. febrúar, náði þriðja sæti í flokknum 500 nemendur og fleiri. Meginmarkmið Lífshlaupsins er að hvetja landsmenn til að hreyfa sig og tileinka sér heilbrigðari lífshætti. Fulltrúar úr tveimur efstum bekkjum Varmárskóla, þau Viktor Torfi Strange í 5.KMH og Björk Ragnarsdóttir í 7.SG, tóku við viðurkenningu fyrir hönd nemenda skólans. „Það var gaman að taka þátt og við erum stolt af skólanum okkar,“ sagði Viktor Torfi við þetta tækifæri. „Það hafa allir verið duglegir að hreyfa sig og við ætlum að halda því áfram. Við stefnum á fyrsta sætið næst,“ segir hann kappsfullur.



Fulltrúar frá Varmárskóla taka við viðurkenningu ásamt fulltrúum frá grunnskóla Vestmannaeyja og Vættaskóla.



Viktor Torfi og Björk stóðu sig vel og voru flottir fulltrúar skólans á verðlaunaafhendingunni.



Hollt og ferskt salat í boði

Í mótuneyti Varmárskóla er nú boðið upp á hollt og ferskt salat alla mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga. Þessi nýjung, sem hefur mælst mjög vel fyrir, er liður í heilsuelflandi skóla, þar sem m.a. er leitast við að ýta undir hollara mataræði hjá nemendum og starfsfólki skólans.



Læra um víkinga og ásatrú

Nemendur í 5. bekk hafa verið að læra um víkinga í samfélagsfræði í vetur. Fjallað var um ferðir víkinga, líf þeirra og hætti. Nemendur lærðu um Leif heppna, Eirík rauða og siglingar til Vesturheims. Einnig var fjallað um ásatrú. Nemendur útbjuggu einnig fallegar möppur þar sem sköpunargleðin fékk að njóta sín.

Afreksnemendur í íþróttum



Margir nemendur í Varmárskóla sýna glæstan árangur í íþróttum um þessar mundir: Adam Elí Inguson 9.FFE - 2. sæti í tvíslá á RIG (Reykjavík International Games) og 1. sæti svifrú; Viktor Elí Sturluson 9.FFE - Íslandsmeistari í hópífmleikum með Stjörnunni; Rákel Rún Matthíasdóttir 9.GG - Íslandsmeistari í hópífmleikum með Gerplu; María Bogadóttir 9.LJ Íslandsmeistari í hópífmleikum með Gerplu; Kolbeinn Tómas Jónsson 9.GG er í U17 landsliði í blaki. Kolbeinn er líka Íslandsmeistari í kúluvarpi og Íslandsmeistari með 3. flokki í blaki. Þá setti hann Íslandsmet í kúluvarpi 13 ára pilta 2013 sem stendur enn; Níels Salómon Ágústsson 8.KH gull í taekwondo á RIG; Vigdís Helga Eyjólfadóttir 8.ÁB silfur í taekwondo á RIG; Aldís Inga Richardsdóttir 9.FFE brons í taekwondo á RIG; Sólbrún Erna Víkingsdóttir 10.EJ Sigur á Þorramóti Bjarnarins – listdans á skautum.

100 daga hátíð



Þann 6. febrúar var haldin „Hundrað daga hátíð“ hjá nemendum í 1. bekk. Nemendur héldu upp á að vera búin að vera 100 daga í skólanum með ýmsum hætti. Krakkarnir útbjuggu kórónu og svo gerðu þeir „hundrað fugla tré“ sem hengt var upp til merkis um alla 100 dagana. Einnig var farið á diskó upp í sal og í lok dags fengu nemendur svo val á milli stofa. Allt fór vel fram og skemmtu krakkarnir sér mjög vel.



Norðurlandakvöld



Nemendur í 6. bekk hafa verið að læra um Norðurlöndin í vetur. Þeir hafa samþætt nokkrar námsgreinar í verkefninu, unnu m.a. bóklega vinnu um löndin, útbjuggu glærुकynningu, lærðu um norræna matargerð í heimilisfræði og æfðu færeyskan hringdans við íslenskt ljód í dans-tímum. Einnig unnu nemendur myndir í myndmennt eftir Edward Munch. Afraksturinn var síðan sýndur á bekkjarkvöldi með aðstandendum þar sem boðið var upp á norrænan mat í lokin.

Valentínusarball



Valentínusarball var haldið fyrir 7.-10. bekk Varmárskóla fyrir skömmu. Ballið, sem haldið var í eldri deild, var fjölmennt og tókst vel í alla staði. Á meðfylgjandi mynd má sjá nokkra gullfallega ballgesti.

Ljósakórinn á friðarhátíð



Ljósakórinn - Stúlknakór í Mosfellsbæ söng á friðarhátíð í Viðey 18. febrúar. Þess má geta að þær sungu einnig í Ráðhúsi Reykjavíkur við opnun Friðarhátíðarinnar. Í kórnum eru: Margrét Þórhildur 10.EJ, Amanda Lind 9. FFE, Agnes Þóra 9.FFE, Agnes Sjöfn 7.HP, Anna Pálína 9.FFE, Anna Thelma 9.FFE, Kristín Erla 9.FFE, Freyja 9.FFE. Ósk 9. FFE, Nína Huld 9.FFE og Ásdís Rán 5.KMH.



Muna að lesa heima



Sögusteinar

Nemendur í 4.BI fóru í fjöruferð í haust og tíndu steina sem átti að nota í Byrjendalæsisverkefni. Steinarnir öðluðust nýtt líf og breyttust í sögusteina, óskasteina, dýr og jafnvel ofurhetjur.



Hér má sjá afraksturinn af vinnu nemenda í vetur.


Átt þú uppstoppað dýr?

Varmárskóli óskar eftir uppstoppuðum dýrum ef einhver heimili vilja losa sig við slíkt. Einnig er óskað eftir að fá gamla þjóðlega muni eins og t.d. aska, og þjóðbúningadúkkur. Þá eru hnattlíkön einnig vel þegin.



Kennslusíður í Moodle - eðlisfræði

Undanfarin ár hefur verið í gangi tilraunaverkefni í eðlisfræði í 7. - 9. bekk sem felst í því að vera með heimasíðu um það helsta sem í gangi hefur verið í faginu. Í upphafi var notast við Google síður en í vetur hafa verið notaðar kennslusíður í Moodle. Nemendur í 8. og 9. bekk hafa sinn eigin aðgang með lykilorði en 7. bekkur notar ennþá gestaaðgang, en allar síðurnar eru opnar fyrir gesti svo foreldrar geta alltaf kíkt inn. Inn á síðunum er farið yfir efni hvernar viku fyrir sig, allar glósur kennara, skýrslur, myndbönd, sýndar tilraunir o.fl. Við annarskil



þreyttu nemendur rafrænt heimapróf í eðlisfræði. Er möguleiki í framtíðinni að auka vægi heimaprófa og einnig að hafa rafrænt próf í skólanum. Heimaprófin hjálpa nemendum að undirbúa sig fyrir lokaprófið þar sem þeir mega nýta sér glósur, bækur og netið til að leysa verkefni.

Smíðuðu hreyfileikföng og gestabækur

Nemendur í eldri deild hafa verið að gera stórglæsileg verkefni í vetur þar sem þeir fá að þróa og útfæra hugmyndir sínar. Um annarskil lögðu nemendur í 7. bekk lokahönd á verkefni sín í smíði þar sem þeir gerðu hreyfileikföng af öllum stærðum og gerðum. Nemendur í 8. bekk kláruðu útskornar gestabækur sem margar hverjar verða notaðar í komandi fermingum. Þessi verkefni voru flest til sýnis í eldri deild á foreldarviðtalsdaginn sem haldinn var í byrjun febrúar.



Gestabækurnar verða notaðar í komandi fermingum



Stúlkur í 8. bekk leggja lokahönd á fallega útskornar gestabækur sem þær lögðu mikla vinnu í.



Aníta Mjöll í 7.DJ með fallega hestinn sinn sem hún hannaði á skemmtilegan hátt.

Líf og fjör í skólanum okkar

Það var mikil gleði ríkjandi í Varmárskóla á öskudaginn eins og meðfylgjandi myndir sýna. Nemendur, sem og starfsfólk skólans, klæddu sig í hina ýmsu búninga og léku á alls oddi. Bodið var upp á ball, söngvakeppni, farið í leiki, kötturinn sleginn úr tunnunni og margt fleira. Síðan fengu allir pítsu.



Hressir kennarar skólans bregða á leik með nemendum.



Þórhildur og Þórunn skólastýrur tóku að sjálfsögðu þátt í fjörinu.

Varmártíðindi - Fréttabréf Varmárskóla. Umsjón: Krístrún M. Heiðberg. Ábyrgðarmenn Þórunn Rósa Ólafsdóttir og Þórhildur Elfarsdóttir. Varmártíðindi er að finna á heimasíðu skólans: www.varmarskoli.is.